

Mál nr. 129/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega.****Starfsmaður varð fyrir meiðslum er hann var að losa fleyg á móti í verksmiðju.****Gögn.**

- 61. Málskot, móttakið 30.4.2014, ásamt fylgigögnum.
- 62. Bréf X, dags 23.5.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14.5.2013 vann M við að losa fleyg á móti í verksmiðju V. Samkvæmt því sem fram kemur í tjónstilkynningu vegna atviksins þurfti M að taka töluvert á til að losa fleyginn. Það hafi tekist í þriðju tilraun og í sömu andrá hafi hann fundið nístandi verk í hægri öxlinni, svo mikinn að hann svitnaði.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu launþega sem V hafði í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. vátryggingarskilmála þeirra sem gilda um slysátryggingu launþega hjá X greiðir félagið bætur vegna slysa sem vátryggður verður fyrir eins og greinir í skilmálunum, vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þá segir í greininni að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Eins og atvikum er lýst í fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en M hafi orðið meiðslum í hægri öxl er hann með eigin líkamsátaki reyndi losa fleyginn. Enginn utanaðkomandi atburður varð þess valdandi að hann hlaut meiðslin. M varð því ekki fyrir meiðslunum vegna slyss eins og það hugtak er skilgreint í vátryggingarskilmálunum. Af því leiðir að hann á ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 10. júní 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.